Markaðspunktar

Arion banki

Arion banki ⁎ Greiningardeild ⁎ greining@arionbanki.is ⁎ arionbanki.is

Markaðspunktar í dag:

- Mistök á mistök ofan? Óbreyttir stýrivextir
- Er stysti vaxtahækkunarferill sögunnar á enda?

Mistök á mistök ofan? Óbreyttir stýrivextir

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kom heldur á óvart og hélt stýrivöxtum óbreyttum í dag. Spár markaðsaðila gerðu ráð fyrir á bilinu 25-50 punkta hækkun. Greiningardeild spáði 25 punkta hækkun.

Greiningardeild er á þeirri skoðun að vaxtaákvörðunin í ágúst hafi verið mistök en að ákvörðunin í dag hafi verið rétt. Hins vegar óttumst við að mistökin frá því í ágúst verði endurtekin á komandi fundum.

Misvísandi skilaboð

Nokkuð erfitt er að ráða af yfirlýsingunni á hvaða vegferð Seðlabankinn er í raun og veru, einkum þar sem mesta púðrinu er eytt í að réttlæta síðustu vaxtaákvörðun (í stað þess að verja þá nýjustu):

- *„Nýjustu hagtölur staðfesta í meginatriðum uppfærða spá bankans, sem birtist í Peningamálum í ágúst*"
- *„Verðbólguhorfur benda þó til þess að til lengri tíma litið sé við hæfi að halda áfram að draga úr slaka peningastefnunnar, eins og byrjað var á í ágúst.*"
- *„Lítil hætta er á að hófleg vaxtahækkun stöðvi efnahagsbatann.*"

Því hlýtur að vera eðlilegt að spyrja sig af hverju bankinn hafi látið staðar numið eftir einungis eina 25 punkta vaxtahækkun. Einkum og sér í lagi ef meirihluti peningastefnunefndar líkir sér við þýska starfsbræður sína, sem myndu miða aðhaldsstig við horfur til meðallangs tíma.

Hræringar á erlendum mörkuðum vega þungt


Líkt og í síðustu yfirlýsingu víkur nefndin að hræringum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og vísbendingum um veikari alþjóðlegan hagvöxt og áhrifum þessa á innlendan hagvöxt og verðbólguhorfur. Nú metur peninganefndin sem svo að hættan af neikvæðum áhrifum á innlendan þjóðarbúskap **hafi aukist** – og ekki verður annað séð en að hættan af óróanum erlendis sé einmitt meginástæða þess að bankinn heldur stýrivöxtum óbreyttum að þessu sinni.

Þó eru aðrir skammtímaþættir tíundaðir í yfirlýsingu peningastefnunefndar sem munu áfram verða áhrifavaldar við komandi vaxtaákvarðanir:

> *„Minni verðbólga í ágúst en búist hafði verið við, áframhaldandi styrking gengis krónunnar og lakari horfur í heimsbúskapnum gera að verkum að peningastefnunefndinni er kleift að halda óbreyttum stýrivöxtum nú*"

Er stysti vaxtahækkunarferill sögunnar á enda?


Að því gefnu að krónan gefi ekki eftir á komandi mánuðum er útlit fyrir að ársverðbólgan gangi hratt niður á árinu 2012. Burtséð frá krónunni þá hafa verðbólguhorfur skánað að undanförnu sem helgast einkum af því að hagvaxtarhorfur úti í heima hafa versnað. Útlit er því fyrir að verðlækkanir muni fljótlega gera vart við sig á helstu hrávörumörkuðum sem munu á endanum skila sér hingað heim. Þá er ekki hægt að útiloka að efnahagsslakinn hér heima verði meiri en spár gera ráð fyrir einkum ef horfur í heimsbúskapnum fara ekki að skána fljótlega.



Heimild: Hagstofa Íslands, greiningardeild og Seðlabanki Íslands

Þrátt fyrir að í yfirlýsingu peningastefnunefndar sé gefið í skyn að frekari vaxtahækkanir séu framundan þá telur greiningardeild að rökin fyrir frekari hækkun muni veikjast enn frekar á komandi mánuðum. Horfurnar úti í heimi hafa versnað og engin lausn virðist vera í sjónmáli eins og staðan er í dag. Út frá verðbólgumælingu Hagstofunnar í ágúst ásamt horfum fyrir næstu mánuði þá teljum við að Seðlabankinn muni þurfa að niðurfæra verðbólguspá sína í næstu Peningamálum í nóvember.

Ef vaxtaákvarðanir eru teknar út frá verðbólguhorfum til meðallangstíma, eins og Seðlabankastjóri ítekaði á fundi sínum, þá teljum við að fátt sé hægt að týna til sem rökstyður frekari vaxtahækkanir Seðlabankans. Ef fram fer sem horfir er því **útlit fyrir að stysti vaxtahækkunarferill sögunnar sé nú þegar á enda !**



Heimild: Hagstofa Íslands, greiningardeild og Seðlabanki Íslands

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka		
Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973
Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir		

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is